

Hafnarfirði, 9. september 2021

## Minnisblað

lagt fyrir fjölskylduráð 10. september 2021

Reykjavíkurborg hefur verið brautryðjandi við innleiðingu á stafrænni fjárhagsaðstoð, þar sem leitað er leiða við að gera umsóknarferlið skilvirkt, einfalt í notkun fyrir notendur og aðgengilegt á vef sveitarfélagsins. Á undanförunum mánuðum hefur Hafnarfjarðarbær verið í samvinnu við Samband íslenskra sveitarfélaga og hugbúnaðarfyrirtækið Kolibri um slíka innleiðingu þar sem stafræn fjárhagsaðstoð er hönnuð með þarfir notenda í huga.

Hjá Hafnarfjarðarbæ miðast réttur til fjárhagsaðstoðar við dagsetningu umsóknar en slíkt ákvæði er almennt ekki hjá öðrum sveitarfélögum. Við innleiðingu á stafrænni fjárhagsaðstoð er mikilvægt að samræmi sé á milli sveitarfélaga hvað þetta varðar.

Í ljósi ofangreinds eru eftirfarandi tillögur gerðar að breytingu á reglum um fjárhagsaðstoð hjá sveitarfélaginu.

Í 6. gr. reglna segir eftirfarandi:

*Fjárhagsaðstoð skal að öðru jöfnu vera greidd einn mánuð í senn og skulu ákvarðanir um aðstoð að jafnaði ekki ná yfir lengra tímabil en þrjá mánuði. Enginn skal njóta fjárhagsaðstoðar án þess að vera í samstarfi við félagsráðgjafa um lausn mála sinna.*

*Fjárhagsaðstoð er greidd frá umsóknardegi og að jafnaði er um eftir á greiðslur að ræða.*

Lagt er til að síðari málsgreinin verði felld úr gildi en í staðinn komi:

*Móttaka umsóknar um fjárhagsaðstoð til framfærslu ákvarðar fyrir hvaða mánuð umsókn gildir.*

Soffía Ólafsdóttir, deildarstjóri